Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 308, 24.11.2009, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2010****2011/EES/12/04****frá 10. nóvember 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB frá 12. apríl 2007 um breytingu á ákvörðun 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB frá 18. apríl 2008 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB frá 26. mars 2009 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB frá 12. mars 2010 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 3k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 D 0231**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB frá 12. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16),
- **32008 D 0322**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB frá 18. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40),
- **32009 D 0298**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB frá 26. mars 2009 (Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23),
- **32010 D 0157**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB frá 12. mars 2010 (Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/231/EB, 2008/322/EB, 2009/298/EB og 2010/157/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2010****2011/EES/12/05****frá 10. nóvember 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB frá 17. mars 2009 þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB frá 11. mars 2010 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2009/251/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 3m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/357/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3n. **32009 D 0251**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/251/EB frá 17. mars 2009 þar sem þess er krafist að aðildarríkin sjái til þess að vörur, sem innihalda sæfiefnið dímetýlfúmarat, séu ekki settar á markað eða boðnar fram þar (Stjtið. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32), eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0153**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/153/ESB frá 11. mars 2010 (Stjtið. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/251/EB og 2010/153/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 74, 20.3.2009, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 63, 12.3.2010, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2010

2011/EES/12/06

frá 10. nóvember 2010

um breytingu II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/57/EB) í XXIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„4. **32007 L 0023**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/23/EB frá 23. maí 2007 um að setja á markað flugeldavörur (Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1).

5. **32008 L 0043**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB frá 4. apríl 2008 um að koma á, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/15/EBE, kerfi til að auðkenna og rekja sprengiefni til almennra nota (Stjtið. ESB L 94, 5.4.2008, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/23/EB og 2008/43/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 94, 5.4.2008, bls. 8.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2010**

2011/EES/12/07

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu ⁽⁵⁾.
- 6) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/65/EB fellur úr gildi, hinn 1. júlí 2011, tilskipun ráðsins 85/611/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. júlí 2011.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/110/EB fellur úr gildi, hinn 30. apríl 2011, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 30. apríl 2011.
- 8) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB ⁽⁸⁾, sem var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 ⁽⁹⁾ frá 26. september 2003, féll úr gildi tilskipun ráðsins 77/92/EBE ⁽¹⁰⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir 30 (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) og 30a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB) verði endurtölusettir sem liðir 30a og 30b.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 21.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 14.

2. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 30a (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):
„30. **32009 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (endurútféfin) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).“
3. Texti nýs liðar 30a (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 1. júlí 2011.
4. 15. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB) verði endurtölusettur sem liður 15a.
5. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 15a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB):
„15. **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“
6. Texti nýs liðar 15a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 30. apríl 2011.
7. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB):
„– **32009 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/83/EB frá 27. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 14),
– **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“
8. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):
„– **32009 L 0110**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).“
9. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 43. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2007/657/EB):
„44. **32009 H 0384**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22).“
10. Textinn í 13. lið (tilskipun ráðsins 77/92/EBE) falli brott.
11. Liðir 29f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB) og 29g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB) verði endurtölusettir sem liðir 29c og 29d.
12. Liður 29ga (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/14/EB) verði endurtölusettur sem liður 29da.
13. Liður 29h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007) verði endurtölusettur sem liður 29e.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/65/EB, 2009/83/EB og 2009/110/EB og tilmæla 2009/384/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2010**

2011/EES/12/08

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/187/ESB frá 25. mars 2010 um að leyfa aðildarríkjum að samþykkja tilteknar undanþágur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32010 D 0187**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/187/ESB frá 25. mars 2010 (Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/187/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 58, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 24.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2010

2011/EES/12/09

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 13. janúar 2010 um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkjanna til að ganga úr skugga um að öikumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 36a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilar taki mið af efni eftirfarandi gerða:

36b. **32010 H 0019**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 13. janúar 2010 um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkjanna til að ganga úr skugga um að öikumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki (Stjtið. ESB L 9, 14.1.2010, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2010/19/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefín Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 58, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 9, 14.1.2010, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2010

2011/EES/12/10

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 285/2010 frá 6. apríl 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 661 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0285**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 285/2010 frá 6. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 285/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 58, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 87, 7.4.2010, bls. 19.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2010

2011/EES/12/11

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„1ja. **32008 R 1205**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn (Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83.

1jb. **32009 D 0442**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1205/2008, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 328, 15.12.2009, bls. 83, og ákvörðunar 2009/442/EB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 40, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽⁵⁾, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 31.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2010**

2011/EES/12/12

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/967/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr textílefnunum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2z (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„2za. **32009 D 0967**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/967/EB frá 30. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr textílefnunum (Stjtið. ESB L 332, 17.12.2009, bls. 1).

2zb. **32010 D 0018**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/967/EB og 2010/18/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 332, 17.12.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2010****2011/EES/12/13****frá 10. nóvember 2010****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13caa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„13cab. **32008 D 0915**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/915/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 332, 10.12.2008, bls. 20.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2010**

2011/EES/12/14

frá 10. nóvember 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/64/ESB frá 5. febrúar 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10fa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/627/EB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10fb. **32010 D 0064**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/64/ESB frá 5. febrúar 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/64/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 63, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 15.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila
vegna ákvörðunar nr. 127/2010 um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
2010/64/ESB inn í samninginn

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/64/ESB frá 5. febrúar 2010 um hæfi lögbærra yfirvalda í tilteknum þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB fjallar um viðurkenningu á hæfi yfirvalda í þriðju löndum. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“